

SIÐAREGLUR STJÖRNUNNAR



Markmið félagsins með siðareglum er að veita félagsmönnum sínum almennar leiðbeiningar í leik og starfi. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Siðareglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og skal kynna öllum félagsmönnum.

Þjálfari:

Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.

Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.

Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.

Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.

Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.

Vertu réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum.

Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.

Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.

SIÐAREGLUR STJÖRNUNNAR



Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.

Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.

Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra.

Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.

Náið líkamlegt samband við iðkanda er ekki leyfilegt.

Ekki vera vinur iðkanda sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum. Eina undantekningin frá þessari reglu er ef þjálfari og iðkandi eru bundnir nánum fjölskylduböndum.

Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/hópsíðum. Hver kyns einstaklingsamtöl milli iðkenda og þjálfara eru ekki æskileg.

Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni eða vísa í eitthvað slíkt.

Ekki vera með niðrandi athugasemdir um iðkanda svo sem um holdafar, kynþátt, kynhneigð, trúarskoðanir eða stjórnmálaskoðanir iðkanda. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmyndar, bæði utan vallar og innan.